

FYLGISKJAL

Námsaðstoð í samspili við bótakerfi ríkisins

Námsmenn geta átt rétt á tekjum úr ýmsum bótakerfum meðan á námi stendur. Hér er tekið dæmi af hjúkrunarfræðingi sem tekur 4 ára grunnnám. Að loknu grunnnámi tekur hjúkrunarfræðingurinn tveggja ára mastersnám þar sem ekki er unnið með námi sem þó þekkist. Þetta tilvik er skoðað sérstaklega þar sem réttur til námsstyrks nær aðeins til 5 ára og því fær námsmaðurinn ekki styrk á síðasta og sjötta námsárinu en á rétt á framfærsluláni.


Samkvæmt upplýsingum um laun hjúkrunarfræðinga voru heildarlaun þeirra að meðaltali 744 þús. á mán. í mars 2016¹. Hér er gert ráð fyrir því að neminn útskrifist við 27 ára aldur og fái 600 þús. kr. á mán. í heildarlaun. Laun eru óviss en hér er miðað við að þrátt fyrir ungan aldur þá er hjúkrunarfræðingurinn með mastersgráðu.

Skv. frumvarpi um LÍN ræðst endurgreiðslan af upphæð láns. Hér er gert ráð fyrir því að námsmaðurinn sé einstætt foreldri með tvö börn. Jafnramt er gert ráð fyrir eftirfarandi forsendum.

Miðað er við fulla námsframvindu.
Gert er ráð fyrir óbreyttu fjölskyldumynstri út námstíma.
<u>Gert er ráð fyrir einföldu meðlagi með hverju barni.</u>
<u>Gert er ráð fyrir að brúttótekjur meðlagsgreiðanda séu lægri en 465.000 á mánuði, ellegar leggst álag á meðlagsgreiðslur.</u>
<u>Gert er ráð fyrir börnum á leikskólaaldri.</u>
Ekki er gert ráð fyrir greiðslum úr öðrum bótakerfum, s.s. örorkubótum, né öðrum tekjum.
Miðað er við framfærsluviðmið LÍN.
Húsnæðisbætur eru skv. lögum nr. 75/2016, sem taka gildi þann 1. janúar 2017.

¹ https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Kjarasamningar/FIH_ML_1Q_2016.pdf

Hér er miðað við að hjúkrunarfræðingurinn taki lán sem miðar við að ná framfærsluviðmiði LÍN samanber eftirfarandi skiptingu við aðrar greiðslur og bætur:



Námsmaðurinn tekur því lán upp á 50.433 kr. á mánuði skv. þessum forsendum fyrstu 5 námsárin. Síðasta námsárið tekur námsmaðurinn lán upp á kr. 115.433 á mán. og fær ekki styrk. Lánið í heild verður þá 3,3 milljónir við lok náms. M.v. núverandi kerfi þá tæki námsmaðurinn lán upp á kr. 115.433 allan námstímann og skuldaði því námslán upp á 6,2 milljónir við lok námsins.

Miðað við fyrrgreindar forsendur væri greiðslubyrðin kr. 14.019 á mánuði skv. frumvarpinu. Í nógildandi kerfi væri greiðslubyrðin kr. 22.500 miðað við 600 þús. kr. nafnlaun. Ef laun hækkuðu með auknum starfsaldri hjúkrunarfræðingsins líkt og algengt er myndi greiðslubyrði m.v. núverandi kerfi hækka enn frekar.

[Greiðslubyrðin væri jöfn í upphafi starfsferils hjúkrunarfræðingsins, þ.e. um kr. 22.500 í báðum kerfum, ef hann myndi taka lán upp á um 37 þús. umfram framfærsluviðmiðið allt námið, þ.e. hefði samtals greiðslur upp á um 344 þús. á mánuði á meðan á námi stæði.]